



Alþingi  
Erindi nr. P 133/917  
komudagur 9.2.2007

KENNASAMBAND ÍSLANDS  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 7. febrúar 2007

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um námsgögn 511. mál

Kennarasamband Íslands átti aðild að starfshópnum sem falið var að endurskoða lög nr. 23/1990 með hliðsjón af 33. gr. laga nr. 66/1995 og telur að um margt hafi vel tekist til um gerð frumvarps um námsgögn. Sambandið gerir þó nokkrar athugasemdir við frumvarpið. Þær varða þrjú mál þ.e. skipun stjórnar skv. 5. grein, gæðamat og gæðaeftirlit skv. 6. og 8. grein og fjármögnun sjóða skv. 6. og 7. grein og tengsl fjárveitinga til námsgagnagerðar við rúmlega ársgamalt 10 punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra.

Um 5. grein:

Sambandið ítrekar það sjónarmið sitt að í stjórn Námsgagnastofnunar sé rétt að sitji einn fulltrúi háskóla sem veitir kennaramenntun, tilnefndur sameiginlega af viðkomandi háskólum..

Um 6. grein og 8. grein varðandi gæðamat og gæðaeftirlit:

Ekki er ljóst af lestri 6. greinar frumvarpsins og greinargerðar um hana á bls. 14 hvernig tryggja á eða tryggja má að við úthlutun fjármuna skv. úthlutunarreglum gæði þeirra námsgagna sem keypt verða fyrir hið úthlutaða fé. Þannig segir í greinargerðinni orðrétt:

*„(..) Þá er lagt til að menntamálaráðherra setji sjóðnum úthlutunarreglur. Gert er ráð fyrir að í þeim yrði m.a. kveðið á um skilyrði fyrir ráðstöfun fjárveitinga úr sjóðnum, þ.e. að slík ráðstöfun yrði einskorðuð við kaup á námsgögnum sem teljast uppfylla réttmætar gæðakröfur og samrýmast markmiðum aðalnámskrár.“*

Kennarasambandið telur brýnt að skýrt verði hvort þetta fái staðist þar sem ætla má að fyrst verði úthlutað fé og síðan keypt fyrir það efni eða með öðrum orðum hvort og hvernig umræddu gæðamati og eftirliti verði komið fyrir á þessu stigi málsins.

Samkvæmt 8. grein frumvarpsins má skjóta til menntamálaráðuneytis að meta hvort tiltekin námsgögn séu „hæf til notkunar í kennslu“ eins og segir orðrétt í greininni. Ekki er tilgreint hver eða hverjir geti skotið málum til ráðuneytisins en altént virðist fremur sem þar sé

reiknað með slíku málskoti annars staðar í ferlinu þ.e. til dæmis ef slíkur vafi kemur upp varðandi efni sem þegar er notað í kennslu og námi í tilteknum grunnskóla eða grunnskólum.


Um 6. og 7. grein varðandi fjármagn til sjóða á fjárlögum 2007 og framvegis:

Kennarasambandið treystir sér ekki til að leggja endanlegt mat á þýðingu þess að stofna annars vegar námsgagnasjóð til kaupa á námsefni fyrir grunnskóla skv. 6. grein og hins vegar þróunarsjóð til þróunar, gerðar og útgáfu á námsgögnum fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla skv. 7. grein þar sem hvorki kemur fram í frumvarpinu sjálfu, greinargerð, né athugasemdum beinlínis hvernig sjóðirnir verða fjármagnaðir ef frá er talið það sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis á bls. 16 að 100 milljónum króna sé á fjárlögum ársins 2007 varið til beggja sjóðanna. Kennarasambandið hefur þó fengið upplýsingar um það frá menntamálaráðuneyti að á fjárlögum ársins 2007 verði 100 milljónum króna varið til námsgagnasjóðs og 26,1 milljón til námsefnisgerðar á framhaldsskólastigi (sem er reyndar minni fjárhæð – einnig í krónum talið - en varið var til þess málefnis árið 2006) en fjármögnun þróunarsjóðs skv. 7. grein bíði að öðru leyti fjárlagagerðar ársins 2008.

Sjóðirnir tveir fjalla um algerlega aðskilin málefni og mat á þýðingu þeirrar ráðstöfunar að stofna til þeirra beggja og hvors um sig er að hluta háð vitneskju um þær fjárupphæðir sem til þeirra verður varið og hvernig þær verða skilgreindar til framtíðar. Kennarasambandið telur afar mikilvægt að myndarlegar fjárveitingar komi til þróunarsjóðs skv. 7. grein og bendir í því sambandi á efni 8. greinar í 10 punkta samkomulagi sambandsins og menntamálaráðherra frá 2. febrúar 2006 sem er svohljóðandi:

*Námsefnisgerð allra skólastiga verður eflað með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.*

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands  
  
Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður